

Nr. 49/1888

Ingibjörg Grímsdóttir

gegn

skiptaráðandanum í Reykjavík, bæjarfógeta Halldóri Daníelssyni, fyrir hönd protabús Gunnlaugs Stefánssonar.

## D ó m u r :

Uppboðsgjörðir þær, er áfrýjandinn hefur lagt fram fyrir yfirdóminn, ná að eins yfir annað og þriðja af hinum mótmæltu uppboðum, og á öðru uppboðinu, þar sem áfrýjandi hóf mótmæli þau gegn uppboðinu, sem hinn áfrýjandi úrskurður neitaði að taka til greina, sjást að hafa verið lögð fram í rjettinum «sömu skjöl sem við hið fyrsta uppboð», og eru þessi skjöl, sem yfirdómurinn ekki þekkir, eigi innfærð í uppboðsgjörðir þær er áfrýjandinn hefur fram lagt. Áfrýjandinn hefur því eigi fullnægt því sem boðið er í N. L. 1.—6.—10. sbr. 1.—5.—13. og ber því ex officio að vísa málinu frá yfirdóminum. Samkvæmt þessum úrslitum og kröfu hins stefnda ber áfrýjanda að greiða honum í kost og tæring 15 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum. Áfrýjanda Ingibjörgu Grímsdóttur ber að greiða hinum stefnda, Halldóri bæjarfógeta Daníelssyni, 15 kr. í kost og tæring, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.